

Spurningar og svör varðandi átaksverkefni í skráningu strandminja:

- 1) Er gert ráð fyrir því að skráningin sé deiliskráning, þ.e. að farið sé um hvern þumlung af úttektarsvæðinu jafnvel þótt heimildir og yfirferð loftmynda bendi ekki til að minjar leynist þar?

Já, gert er ráð fyrir að strandlínan sé gengin þar sem því verður við komið hvort sem heimildir eru um minjar þar eða ekki og svæði allt að 50m frá sjávarbakka (mörkum hástraumsflóðs) kannað á vettvangi.

Innan þessara skráningarsvæða, einkum skráningarsvæðis 3, eru hins vegar nokkrir kaflar þar sem brattar skriður ganga beint niður í sjó og það eru hvort tveggja litlar líkur á minjum og hættulegt að reyna þar skráningu á vettvangi. Í tilfellum sem þessum er ekki ætlast til að strandlínan sé gengin.

Æskilegt er að hafa samráð við undirritaðann áður en vettvangsvinna hefst ef líkur eru taldar á að sleppa þurfi mörgum slíkum köflum. Oft þarf hins vegar að meta þetta á vettvangi og er skrásetjurum treyst fyrir að taka skynsamlegar ákvarðanir í þessum efnum. Sé það metið svo á vettvangi að sleppa þurfi ákveðnum köflum þarf að gera grein fyrir því til Minjastofnunar með hvaða rökum það er gert og nægir að gera það eftirá.

- 2) Skal alls staðar skrá og mæla minjar á umræddum svæðum, hvað með svæði þar sem engar líkur er á að minjar séu í hættu, t.d. vegna sjóvarnargarða eða við kletta.

Já, þrátt fyrir að sjóvarnir séu til staðar skal skrá minjar ofan þeirra, innan 50m. Sömuleiðis minjar sem kunna að vera ofan hárra kletta. Hluti af markmiðum verkefnisins er að fá yfirsýn yfir ástand strandminja umhverfis landið og þar með hlutföll minja eftir hættuflokkunum sem gefnir eru upp í stöðlum MÍ, þ.e. hvort minjarnar séu í mikilli hættu, hættu, eða engri hættu.

- 3) Hvernig eru svæðin skilgreind nákvæmlega, skal túlka orðalagið sem frá og með þeim jörðum sem nefndar eru í afmörkun eða næstu jörð frá þeim?

Svæði 1 er strandlínan frá Garðskagavita að ysta odda á Reykjanestá og tekur ekki mið af skipulagsmörkum.

Svæði 2 nær frá bryggjunni á Hellnum að bæjarmörkum Ólafsvíkur.

Svæði 3 nær frá landamerkjum Hrafnseyrar að bæjarmörkum Þingeyra.

- 4) Hvernig skilgreinið þið minjaheildir, þarf t.d. að skrá fornt þéttbýli (sjávarbyggðir) við sjávarsíðuna í heild sinni ef 1-2 einingar (T.d. kálgarður) leynist innan við 50 m frá sjó og hvar myndi minjaheildinni sleppa í slíkum tilfellum

Þetta verður alltaf að vera matsatriði. Það er ekki gert ráð fyrir að heilu byggðalögin séu skráð í heild sinni þótt þau séu að hluta til innan svæðis, s.s. eins og Hafnir og Sandgerði á Reykjanesi eða Hellissandur og Rif í Snæfellsnesi. Þar myndi 50m reglan gilda.

Ef hins vegar verstöð eða bæjarstæði er að meginhluta innan svæðis en einhverjar minjar lenda rétt utan þessara 50m þá er eðlilegt að taka þær minjar með, s.s. ef túngarður nær út fyrir 50m og hluti af minjunum innan hans, eða ef fiskbyrgi, þurrkvöllur eða steinbítsgarðar tilheyrandi ákveðinni verstöð lenda rétt utan þessara marka, þá er eðlilegt að skrá það með. Skráningaraðilum er treyst til að meta þetta, en það er sjálfsagt mál að hafa samband við undirritaðann meðan á undirbúningsvinnu eða vettvangsskráningu stendur ef álitamál koma upp.

5) Skal mæla götur og leiðir lengra en á úttektarsvæði og þá hversu langt?

Nei ekki er ástæða til að mæla götur eða leiðir út fyrir svæðið, né heldur garðlög ef þau teygja sig langt út fyrir svæðið. Það væri eðlilegt að klára uppmælingar sem teygja sig eitthvað aðeins út fyrir línuna ef það breytir litlu í tíma og kostnaði en það er ekki gerð krafa um það.

6) Hversu langt skal mæla sjávarbakka þar sem minjar eru (15 m frá tóft til beggja átta, 50 eða kannski meira?)

Gott er að miða við að mæla sjávarbakka 10-15m út frá sýnilegum minjum til hvorrar áttar þar sem því verður við komið. Ef um minjasvæði er að ræða er eðlilegt að mæla allan bakkann samfelld neðan við minjasvæðið þótt meira en 10-15m skilji minjarnar að, þannig að uppmæling bakkans nái 10-15m út fyrir síðustu sýnilegu minjarnar til hvorrar handar á svæðinu.

7) Þarf að mæla upp aftur staði sem hafa verið mældir og er t.d. á minjasjá Minjastofnunar Íslands?

Já, almennt gert er ráð fyrir að allar minjar séu mældar upp og ástandi þeirra list, það kemur þá í ljós hvort breyting hefur orðið á ástandi þeirra frá fyrri skráningum. Flestar skráninganna eru komnar til ára sinna og minjar ekki mældar upp með nákvæmum GPS tækjum við gerð þeirra. Einu uppmælingarnar sem til eru hjá Minjastofnun þar sem notað hefur verið nákvæmt GPS tæki og unnið eftir nógildandi stöðlum eru á Valhnúkum og Básendum. Óþarfi er að endurtaka þær mælingar en nauðsynlegt er að lýsa ástandi minjanna eins og það er nú, mæla upp strandlengjuna og fylla út eyðublað eða gagnagrunnsupplýsingar um þessar minjaheildir.

8) Hefur Minjastofnun fjármagn til að skrá öll þrjú svæðin? Eru einhverjar upplýsingar um slíkt á lausu?

Minjastofnun fékk 10 milljónir á fjárlögum til verkefnisins um strandminjar. Þar af hefur hluti farið í beinan kostnað sem stofnunin hefur haft af verkefninu og er ætlunin að verja því sem eftir stendur, sem er stærstur hluti fjárhæðarinnar, í skráningu þessara þriggja svæða. Ef engin tilboð berast innan þessa fjárhagsramma er ráðgert að leyta samninga við bjóðendur um endurskoðun skráningarsvæðanna til samræmis við það.

9) Það er erfitt að meta umfang verksins þar sem ekki liggur fyrir nein áætlun um fjölda minjastaða/eininga. Mér leikur forvitni á að vita hvort hægt er að bjóða í verkið út frá t.d. kostnaðartölu á úttektinn kílómetur og kostnaðartölu á uppmælingu á einungu?

Aðferðafræðin sem hér er lagt upp með er að hluta til ný þar sem gert er ráð fyrir uppmælingu á sjávarbakka og útfyllingu eyðublaðs fyrir minjaheildir. Það er ekki komin reynsla á það hve mikla aukavinnu þetta skapar á vettvangi og við úrvinnslu, en ekki er gert ráð fyrir að hún sé

teljandi mikil. Það er alltaf erfitt að áætla fjölda minjastaða á óskráðum svæðum en það er sama vandamál og við er að etja í flestum fornleifaskráningarverkefnum, þá er afmörkun svæðis í þessum verkefnum svipuð og ef um vegstæði eða línulögn væri að ræða.

Við gróft mat á hugsanlegum kostnaði og afmörkun svæða var gert ráð fyrir að tveggja manna teymi væru við skráningar og kæmust yfir að meðaltali 5km á dag, en það byggir á reynslu Skota af sambærilegum verkefnum þar í landi.

Svæði 1 – Reykjanes var mælt tæpir 60 km af strandlengju, s.s. 12 dagar á vettvangi fyrir tvo.

Svæði 2 – Snæfellsnes var mælt ca. 50 km, s.s. 10 dagar á vettvangi fyrir tvo.

Svæði 3 – Frá Hrafnseyri að Þingeyri mældust ca. 50 km, s.s. 10 dagar á vettvangi fyrir tvo.

Ekki er gert ráð fyrir að tilboð hljóði upp á kostnaðartölu fyrir hvern úttekinn kílómetra og hverja uppmælda einingu þannig að lokaverð fyrir verkefnið ráðist af þróun umfangs verkefnisins. Gert er ráð fyrir að tilboð innihaldi heildarupphæð fyrir skráningu á svæðinu og að bjóðandi sjálfur taki tillit til þess í verðum sínum að sum svæðin eða hluti þeirra geta verið umfangsminni en áætlað er og að önnur geti á móti verið umfangsmeiri eða tímafrekari. Þar sem eingöngu ákveðin fjárhæð er til ráðstöfunar hjá stofnuninni í verkefnið er mikilvægt að heildarverð fyrir verkefnið liggi fyrir áður en þau eru hafin. En eins og frem hefur komið er ráðgert að leyta samninga við bjóðendur um endurskoðun skráningarsvæða ef engin tilboð berast innan þess fjárhagsramma sem verkefninu er sett.

- 10) Varðandi tímaramma verkefnisins, þ.e. að því verði lokið fyrir 30. júní á næsta ári. Þið ætlist til að vettvangsvinna fari fram yfir hávetur og mörg þau svæði ætlast er til að skráð séu eru óaðgengileg yfir vetrartímam, t.d. lokast Hrafnseyrar- og Dynjandaheiðin í nóvember og er ekki opnuð aftur fyrr en vorið eftir. Það hefur stundum dregist fram í byrjun júní. Finnst ykkur þessi tímarammi raunhæfur og hverjar eru forsendur hans?

Tímaramminn markast af því að fjármagn fékkst til verkefnisins fyrir árið 2016 og af ýmsum ástæðum var ekki unnt að gefa út tilboðsgögn fyrr en rauninn varð. Til að nýta fjármunina er mikilvægt að gengið verði frá samningum á þessu ári og sýnt fram á að verkið sé hafið. Fram kemur í tilboðsgögnunum að tekið verður tillit til hamlandi veðurfarslegra aðstæðna. Það er ljóst að slíkar aðstæður munu einna helst koma upp á svæði 3, en önnur svæði eru að jafnaði aðgengileg stærstan hluta ársins og aðstæður til vetrarskráningar eru oftast betri út við sjó en lengra inn til landsins. Svigrúm til að veita fresti vegna hamlandi veðurfarslegra aðstæðna verður nýtt á þeim svæðum sem þurfa þykir og skal haft samráð við Minjastofnun um fresti. Verkefnið er hinsvegar brýnt og fyrir vikið er farið fram á að því verði lokið eins fljótt og unnt er og veðurfarslegar aðstæður leyfa. Er þar átt við að gerð er sú krafa að sá sem tekur að sér verkefnið setji í forgang að ljúka því umfram önnur verkefni sem viðkomandi kann að taka að sér.

- 11) Aðferðafræðin. Hér er um að ræða átak í skráningu strandminja, þekktra og óþekktra. Af hverju að fara á að safna túnakortum? Hvað hafa þau með strandminjar að gera? Ætti aðferðafræði slíks átaksverkefnis ekki að snúast fyrst og fremst um ströndina og því vettvangsvinnan (fieldwalk) mikilvægasti hluti rannsóknarinnar? Gengið verði eftir allri strandlengjunni og allar minjar skráðar. Með sagnfræðilegu aðferðafræðinni er hætta á að skrásetjari, sérstaklega vegna aðstæðna yfir vetrartímam, fari bara að

Þeim minjum sem eru í og við bæjarstæði og aðrar minjar verði útundan. Reynslan hefur sýnt að talsverður fjöldi strandminja er ekki í heimildum.

Aðferðafræðin tekur mið af hefðbundnum stöðlum fornleifaskráningar, að leitað sé heimilda um minjar á svæðinu áður en farið er á vettvang. Skrásetjarar þurfa þó einnig að fara yfir þau svæði þar sem engar heimildir eru um minjar. Krafa er gerð um að strandlengjan sé gengin þar sem því verður við komið og minja leitað. Hlutverk og tegundir minja út við sjó eru fjölbreyttar og einskorðast ekki við sjóminjar. Á öllum þessum svæðum er fjöldi smárra og stórra bújarða sem hafa átt tón út á sjávarbökkum. Eins og fram kemur í grein Ólafs Friðrikssonar „Hæð sjávarborðs við strendur Íslands“ frá 1947 þá hafa bændur, m.a. á Reykjanesi, sumir hverjir þurft að færa bæi sína, útihús og túngirðingar með reglulegu millibili og nákvæmar uppmælingar túna og bygginga frá upphafi 20. aldar geta því reynst mjög góðar heimildir um landbrot og hraða þess á 20. öld. Þá er heimildavinnan hluti af því að fá hugmynd um fjölda horfinna minja. Það er engu að síður ekki ástæða til að leggjast í of miklar sagnfræðilegar rannsóknir þegar um átaksverkefni af þessu tagi er að ræða og aðaláherslan er auðvitað á að skrá sýnilegar minjar og ástand þeirra svo hægt sé að bregðast við ef þurfa þykir.